



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 6. ágúst 2020

ÞON20080001

ÞON  
ÓJS

Til skipulags- og samgönguráðs  
Höfðatorgi

***Efni: Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um neyðarnúmer vegna bílastæðahúsa.***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 1. júlí 2020, þar sem óskað er eftir umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins (US200208) um neyðarnúmer eða þjónustusíma vegna bílastæðahúsa, utan hefðbundins skrifstofutíma.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavík, 6. ágúst 2020  
PON20080001  
PON  
ÓJS

## Umsögn

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð  
**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

### *Efni:*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Reykjavíkurborg hafi neyðarnúmer/þjónustusíma sem hægt er að hringja í eftir hefðbundinn opnunartíma þjónustuvers.*

Samþykkt var að vísa tillögunni til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, og var það gert með bréfi dagsettu þann 3. júlí 2020.

### *Greinargerð:*

Bílastæðahús borgarinnar eru rekin af Bílastæðasjóði og heyrir sú stofnun undir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Aðstoð vegna bilana í bílastæðahúsum er veitt af starfsmönnum Bílastæðasjóðs, en beint samband við starfsmenn sjóðsins fæst þegar ýtt er á þar til gerðan aðstoðarhnapp á bílastæðahliðum. Ef hringt er í 4 11 11 11 vegna bilana í bílastæðahúsum fæst á opnunartíma samband við þjónustuver borgarinnar og benda starfsmenn versins þá aðilum á téðan aðstoðarhnapp. Samkvæmt upplýsingum frá Bílastæðasjóði er svokölluð bilanavakt starfrækt utan opnunartíma en hún er framkvæmd með þeim hætti að þegar ýtt er á aðstoðarhnappinn færast samtalið yfir í farsíma hjá varðstjóra sem aðstoðar aðila við úrlausn mála.

### *Niðurstaða:*

Þar sem þjónustu- og nýsköpunarsvið fer ekki með málefni Bílastæðasjóðs getur sviðið ekki tekið ákvörðun um hvernig staðið er að aðstoð vegna bilana í bílastæðahúsum utan hefðbundins skrifstofutíma sjóðsins.

Virðingarfyllt,  
Óskar J. Sandholt